

Kreppa og stríð 1930–1945

Steinn Steinarr

Í bókmenntasögu endar kaflinn um **Steinn Steinarr** á þessum orðum:

Steinn Steinarr lést 1958, árið sem hann hefði orðið fimmtugur. Enn þann dag í dag skipa ungir ljóðaunnendur sér kringum Stein og orna sér á ljóðum hans, og ennþá byrja skáld feril sinn á að yrkja undir áhrifum frá Steini.

- a. Ert þú ein(n) af mörgum í aðdáandahópi Steins Steinarrs? Ef svo er þá er þetta verkefni kjörið fyrir þig. Þú velur uppáhaldsljóð þín og flytur þau (lestur, flutningur af hljómdiskum ef til er) og færir rök fyrir vali þínu.
- b. Veldu eitt ljóð eftir Stein úr *Tímanum og vatninu*, skrifaðu það upp (3 stutt erindi) og gerðu þitt besta til að útskýra hughrifin sem þar leynast. Gott er að losa aðeins um ljóðið, líta á stílbrögðin og velta fyrir sér meðferð skáldsins á orðum og orðasamböndum.